

Polycom fjarfundabúnaður – leiðbeiningar fyrir notendur


I. Kveikt á tækjum



1. Þú kveikir á sjónvarpinu en það er gert með því að ýta á **græna hnappinn** efst til hægri á sjónvarpsfjarstýringunni.



2. Til að kveikja á fjarfundarbúnaðinum er nóg að taka upp **fjarstýringuna** en hreyfiskynjari í henni kveikir á tækinu.



3. Til að kveikja eða slökkva (mute) á hljóðnemanum er smellt á **hnappinn efst** á hljóðnemanum.

ATH. Við innhringingu slekkur búnaðurinn sjáfvirkt á hljóðnemanum (auto mute). Því þarf að ýta á hljóðnemann til að virkja hljóðið aftur.

II. Hvernig á að hringja



Þegar kveikt hefur verið á búnaðinum birtist þessi valmynd sem sést hérna til hliðar.

Ef þú hefur fengið úthlutað rafrænu „fundaherbergi“ þá velur þú „Place a call“ og slærð svo inn það númer (til dæmis 1114).

Eins er hægt að velja „Directory“ og velja úr lista yfir tengd fundaherbergi í kerfinu.

Þriðji möguleikinn er að fara í „Recent calls“ og velja síðasta fund þar.



Þegar númerið hefur verið slegið inn dugar að ýta á **græna hringihnappinn** til að tengjast.

Þegar ljúka á samtali dugar að ýta á **rauða hringihnappinn** til að aftengjast.

III. Önnur gagnleg atriði



Til að fara um valmyndina á skjánum eru notaðir **örvatakkarnir** í innri hringnum á fjarstýringunni.

Til að hreyfa myndavélina er ýtt á „**Camera**“ og sömu örvatakkar síðan notaðir. Vinsamlega ekki nota handafl til að hreyfa myndavélina.

Til að tengja tölvuskjá við fjarfundabúnaðinn þarf fyrst að tengja tölvuna og velja síðan „**Content**“. Með þeim hnappi er hægt að fara á milli tölvuskjásins og fundaherbergisins.